

Nefndarsvið Alþingis, nefndaumsagnir
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur

Reykjavík, 11. ágúst 2010

Efni: Þskj. 1284 – 662. mál. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum (hér nefnd búvörulög).

Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hefur borist þingskjal 1284 – 662. mál, um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 99/1993, um verðlagningu og sölu á búvörum, til umsagnar.

Sjórn SAM hefur fjallað um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 99/1993, sem fram koma í umræddu frumvarpi. Stjórn samtakanna styður fyrirhugaðar breytingar á lögnum skv. því sem fram kemur í þskj. 1284.

Greinargerð stjórnar SAM um efnisatriði frumvarpsins.

Að mati stjórnar SAM, er fyrst og fremst um eftirtaldar breytingar á búvörulögum, nr. 99/1993, að ræða.

1. Helstu breytingar skv. frumvarpi til laga (2. gr. frumvarpsins)

a) Útflutningsskylda – framkvæmd og eftirfylgni

Í 29. gr. búvörulaga nr. 99/1993, er kveðið á um ráðstöfun mjólkur og útflutningsskyldu mjólkur umfram greiðslumark. Í gildandi lögum (99/1993) eru engin ákvæði um hvernig framkvæmdanefnd búvörusamninga skuli eða geti, eins og henni ber, framfylgt þeirri útflutningsskyldu sem er til staðar við árlegt magnuppgjör mjólkur.

Skv. skilningi SAM veitir ákvæði frumvarpsins framkvæmdanefnd búvörusamninga því heimild til að fylgja núverandi útflutningsskyldu eftir, svo fremi sem afurðastöðvar fari ekki að núgildandi ákvæðum laga 99/1993 – um þá skyldu.

Framleiðslustjórnun búvörulaga, sem byggir m.a. á útgáfu reglugerðar um heildargreiðslumark í landinu fyrir hvert verðlagsár, er einn veigamesti þáttur í samkomulagi ríkis og bænda sem staðfestur er í gildandi samningi þeirra um skilyrði


til mjólkurframleiðslu (búvörusamningur) . Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði telja að sú lagabreyting sem hér er lögð til sé fyrst og fremst til þess gerð að tryggja jafnrétti milli mjólkurframleiðenda við framkvæmd laganna og gerðra samninga byggða á þeim lögum. Samtökin vilja jafnframt koma á framfæri að ekki er verið að breyta ákvæðum laganna um framleiðslu og framleiðslustjórnun, heldur sé einungis verið að tryggja að unnt sé að framfylgja núgildandi ákvæðum laganna.

- b) Heimild til ráðstöfunar mjólkur á innanlandsmarkað úr heimavinnslu á lögbýlum án skerðingar á greiðslumarki (kvóta).

Í frumvarpinu kemur fram ný heimild til ráðstöfunar á allt að 10 þús. lítrum mjólkur til heimavinnslu og ráðstöfunar á innanlandsmarkað frá hverju lögbýli á hverju verðlagsári. Þessi ráðstöfun telst ekki til nýtingar á greiðslumarki (kvóta) sem gerir að verkum að handhafi greiðslumarks á lögbýli getur framleitt 10 þús. lítra mjólkur til heimavinnslu og ráðstöfunar frá lögbýli án þess að það teljist til framleiðslu innan greiðslumarks (kvóta). Þessi heimild er óháð stærð greiðslumarks hvers lögbýlis. Þannig getur handhafi greiðslumarks t.d. framleitt og ráðstafað 10 þús. lítrum af mjólk til heimavinnslu hvort sem hann hefur 50 þús. eða 300 þús. lítra greiðslumarks. Því má segja að samanlagt geti greiðslumarkshafar á lögbýlum í landinu framleitt og ráðstafað árlega um 6 – 7 millj. lítra mjólkur til heimavinnslu skv. þessu nýja heimildarákvæði.

Með þessu nýja heimildarákvæði er augljóslega verið að koma á móts við aukinn áhuga til slíkrar vinnslu.

f.h. SAMTAKA AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI


Guðni Ágústsson, framkv.stj.